

**ENDURRIT
ÚR
DÓMABÓK FÉLAGSDÓMS**

Málið nr. 4/2016:

Samtök atvinnulífsins

f.h. Rio Tinto Alcan á Íslandi

gegn

Alþýðusambandi Íslands

f.h. Starfsgreinasambands Íslands

vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar

Dómur 23. febrúar 2016

Ár 2016, þriðjudaginn 23. febrúar, er í Félagsdómi í málinu nr. 4/2016:

**Samtök atvinnulífsins
f.h. Rio Tinto Alcan á Íslandi
gegn
Alþýðusambandi Íslands
f.h. Starfsgreinasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar**

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r:

Mál þetta var dómtekið í dag.

Málið dæma Sigurður G. Gíslason, varaforseti dómsins, Ásmundur Helgason, Guðni Á. Haraldsson, Pétur Guðmundarson og Lára V. Júlíusdóttir.

Stefnandi er: Samtök atvinnulífsins, kt. 680699-2919, Borgartúni 35, Reykjavík, f.h. Rio Tinto Alcan á Íslandi, kt. 680466-0179, Straumsvík, Hafnarfirði.

Stefndi er: Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, f.h. Starfsgreinasambands Íslands, kt. 600100-3309, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar, kt. 620169-3319, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Dómkröfur stefnanda eru þær að vinnustöðvun sú sem Verkalýðsfélagið Hlíf boðaði með bréfi, dagsettu 16. febrúar 2016, vegna félagsmanna sinna er starfa á hafnar- og vinnusvæði Rio Tinto Alcan og koma á til framkvæmda við byrjun dags (kl.00:00), 24. febrúar 2016 verði dæmd ólögmat. Þá er þessi krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda auk þess sem krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Málavextir:

Kjarasamningur milli stefnanda og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, þar á meðal stefnda, Verkalýðsfélagsins Hlífar, rann út skv. efni sínu 31. desember 2014. Viðræður um framlagðar kröfur hafa reynst árangurslausar og var málinu vísað til Ríkissáttasemjara 15. apríl 2015. Þrátt fyrir að haldnir hafi verið 35 sáttafundir undir verkstjórn ríkissáttasemjara hafa samningar ekki náðst. Þann 29. apríl 2015 var lýst yfir árangursleysi þessara viðræðna.

Stefndi, Verkalýðsfélagið Hlíf, ásamt þeim verkalýðsfélögum öðrum sem aðild eiga að sameiginlegum kjarasamningi við stefnanda, hefur í tvígang áður boðað til vinnustöðvana vegna kjaradeilunnar. Þær aðgerðir hafa ekki komið til framkvæmda og kveður stefndi það vera vegna væntinga um að álverinu yrði þá lokað fyrir fullt og allt enda hafi ítrekað verið látið í það skína af hálfu stefnanda.

Stefndi tekur fram að í byrjun janúar 2016 hafi aðalforstjóri stefnanda einhliða sent yfirlýsingu til starfsmanna Rio Tinto um allan heim þess efnis að engar launahækkanir yrðu á árinu 2016 hjá fyrirtækinu nema þegar hefði verið um þær samið. Yfirlýsing þessi hafi virst gefin út án nokkurs tillits til stöðu kjarasamningaviðræðna hérlendis.

Í því skyni að knýja stefnanda til samninga kveðst stefndi nú hafa brugðið á það ráð að efna til vinnustöðvunar þeirrar sem þrætt er um í málinu. Kveður stefndi að fundað hafi verið af hálfu stefnda í tvígang með félagsmönnum sem starfi hjá stefnanda í aðdraganda vinnustöðvunarinnar, fyrst þann 11. febrúar og aftur þann 15. febrúar og hafi kjörfundur um vinnustöðvunina verið haldinn í framhaldi af því. Hafi þá farið fram almenn, leynileg atkvæðagreiðsla meðal allra félagsmanna Verkalýðsfélagsins Hlífar sem starfi í flutningasveit stefnda og vinnustöðvunin taki til sbr. tillögu samninganefndar um afmarkaða vinnustöðvun. Kveður stefndi að allir hlutaðeigandi starfsmenn hafi verið mættir til atkvæðagreiðslunnar utan einn sem hafi verið í leyfi frá störfum. Við atkvæðagreiðsluna hafi verið stuðst við lista sem stefnandi hafi sjálfur útbúið fyrir flutningasveitina í þeim tilgangi að færa þar inn yfirvinnu þessara starfsmanna. Á þeim lista séu þó nöfn þriggja einstaklinga sem ekki séu lengur í starfi í flutningasveitinni, sbr. framlagðan tölvupóst frá launafulltrúa stefnanda þar sem taldir eru upp 12 starfsmenn flutningasveitar stefnanda, og hafi þeir því ekki verið meðal þeirra sem tekið hafi þátt í atkvæðagreiðslunni né ráð gert fyrir fyrir þeim á annan máta. Allir þeir sem tekið hafi þátt í atkvæðagreiðslunni hafi greitt vinnustöðvuninni atkvæði sitt.

Hefur kjörskráin verið lögð fram í málinu og eru á henni nöfn 12 manna, sem eru í samræmi við áður nefndan tölvupóst frá launafulltrúa stefnanda. Kemur fram að 11 hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og allir sagt já.

Með bréfi, dags. 16. febrúar 2016, og móttæknu sama dag, boðaði stefndi vinnustöðvun þá sem deilt er um í málinu, þ.e. ótímabundna en takmarkaða vinnustöðvun félagsmanna Verkalýðsfélagsins Hlífar er tilheyri flutningasveit fyrirtækisins og starfi á hafnar- og vinnusvæði félagsins við útskipun á áli. Jafnframt sé tekið fram að aðgerðin feli í sér að engu áli verði skipað um borð í skip í Straumsvíkurböfn. Um sé að ræða ótímabundið útskipunarbann á áli frá byrjun dags (kl. 00:00), 24. febrúar 2016. Í lok bréfsins er þetta tilgreint sem ótímabundið útflutningsbann á áli frá byrjun dags þann 24. febrúar nk.

Stefndi kveður að stefnandi hafi í framhaldi af því fengið afhent sýnishorn af kjörseðli að hans beiðni.

Boðunin vakti spurningar um fyrirkomulag vinnustöðvunarinnar hjá stefnanda sem óskaði skýringa hjá stefnda um það hverjir muni leggja niður vinnu hverju sinni, hvaða störf, hvenær og hvað lengi. Af hálfu stefnda var því svarað að félagið myndi ekki fylgja þessari boðun eftir með frekari skriflegum greinargerðum um efni hennar, enda sé vinnustöðvun af þessu tagi alþekkt á íslenskum vinnumarkaði og að mati stefnda tilkynning hans fullnægjandi í þessu efni.

Stefnandi kveður að venjulegt vinnufyrirkomulag muni vera þannig að svokölluð flutningasveit fyrirtækisins sinni störfum á hafnarsvæðinu og annist m.a. losun og lestun skips sem komi í byrjun hvekkar vikur með aðföng, bæði fyrir Rio Tinto Alcan og aðra aðila, sem starfsmenn skipi upp. Hvað varði lestun álsins þá taki hún allt að tvo daga og misjafnt hve margir komi þar að og hvort áætlun standist. Starfsmennirnir í hópnum vinni samhliða önnur verk allt eftir því hvaða verkefni séu fyrir hendi og mannaflapörf við útskipun álsins. Kveður stefnandi að svo virðist sem starfsmenn hafi ekki verið upplýstir um það fyrir atkvæðagreiðsluna að þeir ættu að leggja niður vinnu og hafi gert ráð fyrir að sinna öðrum verkum í stað útskipunar áls.

Stefndi kveður önnur viðbrögð stefnanda við tilkynningu stefnda um vinnustöðvun hafi verið þau að starfsmannastjóri, Jakobína Jónsdóttir, hafi haft samband við formann stefnda í þeim tilgangi að óska eftir því að verkfallinu yrði frestað. Sem fyrr segi hafi ekki verið boðað til fundar með aðilum né hafi bólað á tillögum frá stefnanda til lausnar á kjaradeilu aðila frá því að tilkynnt hafi verið um vinnustöðvunina.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi kveðst leggja málið fyrir Félagsdóm með vísan til 1. töluliðar 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Krafa stefnanda um að að boðað verkfall stefnda verði dæmt ólögmaett byggir á eftirfarandi málsástæðum:

Krafa um skýrleika í tillögu um verkfallsboðun ekki uppfyllt

Stefnandi kveður að í 3. mgr. 15. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur, nr. 80/1938, sbr. 4. gr. l. nr. 75/1996, sé gerð krafa um að í tillögu um vinnustöðvun skuli koma skýrt fram til hverra henni sé ætlað að taka og hvenær vinnustöðvun sé ætlað að koma til framkvæmda, þannig að það liggi ljóst fyrir hvaða starfsmenn eigi að leggja niður vinnu og á hvaða tíma. Í tillögu þeirri sem lögð hafi verið fyrir félagsmenn stefnda sé spurt hvort þeir samþykki „ótímabundið útflutningsbann á hafnar- og vinnusvæði Rio Tinto Alcan (ISAL), þ.e. stöðvun vinnu við útskipun á framleiðsluvöru fyrirtækisins (áli) frá byrjun dags (kl. 00:00) 24. febrúar 2016?“ Framkvæmd vinnustöðvunarinnar sé því ætlað að taka til framkvæmdar ákveðins verkþáttar í starfi starfsmanna, þ.e. útskipunar áls, hvenær sá verkþáttur verði unninn hverju sinni og af hverjum. Það skýri ekki hvernig vinnustöðvuninni sé ætlað að koma til framkvæmda í reynd eins og lög krefjist. Auk þessa sé orðnotkunin í tillögunni villandi og til þess fallin að valda misskilningi. Notuð séu orðin útflutningsbann og stöðvun vinnu við útskipun án þess að það komi fram í spurningunni á atkvæðaseðlinum að starfsmönnum sé ætlað að leggja niður vinnu í verkfalli og þá með hvaða hætti. Það sé því hvorki skýrt hvenær vinnustöðvuninni sé ætlað að koma til framkvæmda eða til hverra hún nær eins og lög áskilja. Tillagan uppfylli því ekki formkröfur 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi kveður boðun vinnustöðvunarinnar vera sama merki brennda og vísar til þess sem að ofan getur um efni hennar. Að mati stefnanda leiðir óskýrleiki boðunarinnar til þess að skilyrði sem leiða megi af lögum nr. 80/1938 og dómaframkvæmd um boðun vinnustöðvunar séu ekki uppfyllt. Þegar horft sé til athugasemda með frumvarpi því sem orðið hafi að lögum nr. 75/1996 sem lögfestu umrætt ákvæði 3. mgr. 15. gr. og tilgangs þeirrar lagagreinar sé ljóst að það beri að skýra þröngt.

Stefnandi telur því að lagaskilyrði hafi brostið til hins umdeilda verkfalls. Boðuð vinnustöðvun stefnda sé því ólögmat.

Krafa 15. gr. laga nr. 80/1938 um atkvæðagreiðslu

Stefnandi kveður að samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 sé aðeins heimilt að hefja vinnustöðvun hafi ákvörðun um hana verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a. m. k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna og að tillagan hafi hlotið stuðning meiri hluta greiddra atkvæða. Heimilt sé samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni sé ætlað að taka til ef vinnustöðvun sé „*einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað*“. Samkvæmt tilkynningu stefnda um vinnustöðvun hafi atkvæðagreiðsla farið fram um

fyrirhugaða vinnustöðvun á meðal félagsmanna Verkalýðsfélagsins Hlífar er tilheyri flutningasveit Rio Tinto Alcan og starfi á hafnar- og vinnusvæði fyrirtækisins við útskipun á áli. Að því er fram komi í tilkynningunni hafi 12 verið á kjörskrá en 11 hafi greitt atkvæði. Til að ákvæði 2. mgr. 15. gr. eigi við og ekki þurfi að halda almenna leynilega atkvæðagreiðslu samkvæmt 1. mgr. 15. gr., þurfi þeir sem stöðva eiga vinnu annað hvort að falla undir það að vera skilgreindur hópur félagsmanna stéttarfélags, eða þá ákveðinn vinnustaður í heild sinni. Að mati stefnanda geti þessi hópur 12 starfsmanna, sem sinni afmörkuðu hlutverki hjá stefnanda, ekki talist til „*hóps félagsmanna*“ Verkalýðsfélagsins Hlífar í skilningi 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Skýrlega sé um að ræða afmarkaðan hóp innan Rio Tinto Alcan, en sem slíkur geti hann ekki talist mynda tilgreindan hóp innan Verkalýðsfélagsins Hlífar, líkt og til að mynda fagmenn innan ákveðinna iðngreina geti talist til hópa innan sinna verkalýðsfélaga. Leiða megi af athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 75/1996, um breytingu á lögum nr. 80/1938, að með orðalagi 2. mgr. 15. gr. laga nr. 380/1938 „*starfsmanna á tilgreindum vinnustað*“ sé horft til þess að um eitt fyrirtæki í heild sinni sé að ræða en ekki afmarkaðan hluta fyrirtækis. Ljóst sé að framangreindur hópur 12 starfsmanna Rio Tinto Alcan sé einungis hluti starfsmanna fyrirtækisins og falli hann því ekki undir orðalag 2. mgr. 15. gr. Að auki sé engin nákvæm lýsing á því hverjir þeir starfsmenn séu sem eigi í hlut.

Með hliðsjón af framangreindu byggir stefnandi á því að fara hefði þurft fram almenn og leynileg atkvæðagreiðsla meðal allra félagsmanna Verkalýðsfélagsins Hlífar, í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Þar sem það hafi ekki verið gert sé fyrirhuguð vinnustöðvun ólögmæt.

Þar sem ekki liggi fyrir staðfestar upplýsingar af hálfu stefnda um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar eða að hún hafi farið fram í samræmi við lagaskilyrði, áskilur stefnandi sér jafnframt rétt til að byggja á því að framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hafi ekki verið í samræmi við 15. gr. laga nr. 80/1938 sem valdi ólögmæti fyrirhugaðrar vinnustöðvunar.

Áhrif á aðra þætti framleiðslunnar

Stefnandi byggir jafnframt á því að verkfallsboðun stefnda hafi haft þær afleiðingar að óhjákvæmilegt hafi verið að bera ákvörðun um verkfall undir alla félagsmenn stefnda. Ótímabundið verkfall, sem stefndi hafi boðað vegna starfsmanna í flutningadeild, geti leitt til þess að stöðva verði framleiðslu áls, enda séu takmörk fyrir því hvað hægt sé að framleiða af áli ef ekki er hægt að koma því út af athafnasvæði fyrirtækisins. Því liggi fyrir að verkfallsboðun stefnda leiði ekki einungis til þess að starfsmenn flutningasveitar muni leggja niður störf heldur einnig félagsmenn stefnda sem starfi við framleiðslu. Ákvörðun um verkfall, sem borin hafi

verið undir 12 félagsmenn stefnda, leiði því til þess að allir félagsmenn stefnda muni leggja niður störf og falla af launaskrá hjá stefnanda. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 hefðu allir hlutaðeigandi félagsmenn stefnda átt að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Sú hafi ekki verið raunin og sé því verkfallsboðun stefnda andstæð lögum.

Málskostnaður

Krafa stefnanda um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnda:

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun stefnanda hafi verið lögmæt og í fullu samræmi við fyrir máli laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 sem og venjur á vinnumarkaði hvað það varði.

Stefndi kveðst hafa lagt fyrir félagsmenn sína, sem verkfallið eigi að taka til, atkvæðaseðil þar sem tilhögun vinnustöðvunarinnar hafi komið fram, en eins og atkvæðaseðillinn beri með sér hafi verið um að ræða afmarkað verkfall á hafnar- og vinnusvæði Rio Tinto Alcan sem nánar hafi verið lýst sem ótímabundnu útflutningsbanni, þ.e. stöðvun vinnu við útskipun á áli frá byrjun dags þann 24. febrúar n.k.

Stefndi kveður þá sem greitt hafi atkvæði hafi átt þrjá kosti. Þeir hafi getað greitt atkvæði gegn því að fara í verkfall með þessum hætti, með því eða skilað auðu. Kosningin hafi verið almenn og leynileg og farið fram á kjörfundi í afdrepi starfsmanna á hafnarsvæðinu. Fundurinn hafi hafist kl. 12:30 þann 15. febrúar 2016 og lokið kl. 13:00. Atkvæði hafi þeir félagsmenn stefnda greitt sem starfi í svokallaðri flutningasveit, en svo sé nefndur sá hópur starfsmanna stefnda [sic.] sem vinni á hafnarsvæði stefnanda og annist m.a. losun og lestun skipa á athafnasvæðinu í Straumsvík. Þessi hópur telji nú 12 starfsmenn sem vinni að jafnaði í dagvinnu en yfirvinnu ef þörf krefji.

Stefndi kveður flutningadeild vera tiltekna starfsdeild innan fyrirtækisins og hafi sem slík ákveðið númer innan fyrirtækisins og þá sé fjallað sérstaklega um hana í kjarasamningi aðila. Starfsmenn flutningasveitar vinni á hafnarsvæðinu, þar sem þeir starfi við að þjónusta allar deildir fyrirtækisins en deildin annist m.a. alla flutninga á varningi innan svæðisins og einnig losun og lestun skipa þegar svo beri undir. Stefndandi hafi sjálfur skilgreint þennan hóp starfsmanna og útbúið sérstakan lista yfir þá, sem hagnýttur sé til dæmis við skráningu yfirvinnu auk þess sem stefndandi hafi fjallað um hópinn opinberlega. Við þennan lista stefnanda hafi verið stuðst sem

kjörskrá við kosninguna. Ellefu starfsmenn af tólf hafi greitt atkvæði og hafi þeir allir greitt atkvæði með verkfallinu. Verkfallið hafi því verið samþykkt með 91,60% atkvæða. Byggir stefndi á því að með þessari tillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu um hana hafi í einu og öllu verið farið að kröfum 15. gr. laga nr. 80/1938 um ákvörðun um vinnustöðvun. Skýrt sé til hverra vinnustöðvunin taki, hvað í henni felist og hvernig og hvenær hún komi til framkvæmda.

Stefndi byggir ennfremur á því að réttur til þess að gera verkföll sé grundvallarréttur, sem tryggður sé í 74. og 75. gr. stjórnarskrár sbr. 2. mgr. 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Allar takmarkanir á þeim rétti verði því að túlka þröngt. Heimildir stéttarfélaga til að gera verkföll séu því aðeins bundnar þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938.

Þá byggir stefndi á því að reglur vinnulöggjafarinnar um samþykki við verkfallsboðun geri beinlínis ráð fyrir því að hluti félagsmanna stéttarfélags geti greitt atkvæði um verkfall. Hugtakið allsherjaratkvæðagreiðsla í skilningi 15. gr. verði ekki skilið svo að það þurfi að ná til allra félagsmanna þess stéttarfélags sem eigi í hlut. Markmið laganna í þessu efni sé að tryggja að þeir sem eigi að taka þátt í verkfalli séu þeir sem taki ákvörðun um hana. Annar háttur fari beinlínis gegn margvíslegum grundvallarreglum er varði skoðana- og tjáningarfrelsi þeirra einstaklinga sem um ræði. Vísar stefndi í þessu til ítrekaðra dómafordæma Félagsdóms um þetta efni. Það blasi við að mati stefnda að sú krafa stefnanda að allir félagsmenn Verkalýðsfélagsins Hlífar sem starfi hjá stefnanda, um 300 einstaklingar taki ákvörðun um að 12 þeirra fari í verkfall með þeim réttarfylgjum sem það hafi í för með sér gagnvart þeim persónulega sé aldeilis fráleit og í algerri andstöðu við markmið og tilgang reglna um atkvæðagreiðslur um verkfall. Þessum reglum sé einmitt ætlað að tryggja að þeir sem eigi að leggja niður störf hafi sjálfir um það að segja en lúti ekki vilja annarra, sem auk heldur eigi ekki að leggja niður störf.

Það sé að mati stefnda alls ekki óljóst hvaða einstaklingar eigi hér í hlut, slíkt sé bæði rangt og ósannað. Stefnandi sjálfur hafi ítrekað lýst því yfir meðal annars í stefnu máls þessa hvaða hópur starfsmanna það sé sem hér um ræði og hvaða störfum og verkefnum hann sinni. Hverjir þetta séu og að hvaða verkefni vinnustöðvunin beinist að sé ótvírætt og ætti að vera óumdeilt. Nafnalisti yfir þessa starfsmenn frá stefnanda liggi fyrir og verkþátturinn sem vinnustöðvunin beinist gegn sé augljós og auðafmarkaður, vinna við að skipa út áli um borð í skip til flutnings brott af vinnusvæði stefnanda sé stöðvuð.

Stefndi kveður að aðrir en greindir 12 starfsmenn muni ekki leggja niður störf og þeir ekki heldur umfram þann verkþátt að framleiðsluvöru stefnanda verði ekki skipað út. Það sé rangt að allir félagsmenn stefnda hjá stefnanda muni leggja niður störf. Slíkur málatalibúnaður af hálfu stefnanda verði að mati stefnda vart skilinn á

annan veg en sem hótun stefnanda um að hann muni stöðva aðra starfsemi fyrirtækisins ef til verkfallsins komi, enn hafi stefnandi þannig uppi hótanir um að stöðva rekstur verksmiðjunnar sem stefnandi hafi sífellt haldið á lofti þann tíma sem knúið hafi verið á um gerð kjarasamnings.

Stefndi kveður tilgang vinnustöðvunar stefnda vera sem endranær um vinnustöðvanir að knýja gagnaðila í kjaradeilu til að gera samning. Vinnustöðvun sé lögleyfð þvingunaraðgerð til að knýja á um lausn deilu af þessu tagi. Stefnandi hafi þann möguleika í hendi sér til að enda verkfallið að gera kjarasamning við stefnda. Ekkert ófremdarástand þurfi þannig að skapast sökum þess að framleiðsluvöru sé ekki skipað út. Stefnanda sé hins vegar ekki heimilt að lögum að leggja starfsemi niður eða taka aðra starfsmenn af launaskrá vilji hann ekki semja, slíkt ráðslag væri ólögmætt verkban í skilningi laga nr. 80/1938.

Stefndi kveður inntak fyrirhugaðrar vinnustöðvunar stefnda á engan hátt vera óljóst eða óskýrt til hverra hún taki. Öllum formkröfum. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 sé fullnægt. Algerlega sé ljóst til hverra vinnustöðvunin taki, í raun líka í huga stefnanda enda fjalli hann ítrekað um þann hóp starfsmanna í stefnu sinni og nefni hann með því sérstaka heiti sem hann gangi undir, þ.e. flutningsveit. Stefnandi hafi sjálfur lýst því í stefnu í hverju verkefni þessa hóps felist og samið sérstaklega um ýmis kjör hans í kjarasamningi.

Stefndi kveður að sem fyrr segi séu verkfallsheimildum þær einar skorður settar sem lög nr. 80/1938 greina. Hugtakið verkfall sé skýrt í 19. gr. laganna en þar segi að til vinnustöðvunar í skilningi laganna teljist það „þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.“ Samkvæmt þessu þurfi tvennt til að um verkfall sé að ræða. Annars vegar að launamenn hafi lagt niður venjubundna vinnu að einhverju eða öllu leyti og hins vegar að um sameiginlegan tilgang sé að ræða. Um hið síðara sé ekki ágreiningur með aðilum.

Stefndi byggir á því að boðuð vinnustöðun falli að fyrrgreindu hugtaksskilyrði vinnustöðvunar, þ.e. fyrirhuguð vinnustöðvun stefnda, ótímabundið útflutningsbann, felist í því að lögð sé niður ákveðin störf að hluta, þ.e. tiltekin verkefni ákveðinna starfsmanna verði ekki unnin, framleiðsluvöru stefnanda verði ekki skipað út í skip. Því sé boðuð vinnustöðvun ótvírætt vinnustöðvun í skilningi 19. gr. vinnulöggjafarinnar. Þessi tilhögun vinnustöðvunar sé á engan hátt andstæð lögum og hafi oft verði beitt. Í lögnum sé í sjálfu sér engin takmörkun á því hvert skuli vera fyrirkomulag verkfalla eða hvernig þau skuli skipulögð af hálfu verkfallsboðenda. Stefnandi sé því frjálst að því að haga vinnustöðvuninni með þeim hætti sem hann kjósi að gættum lögfestum skilyrðum um atkvæðagreiðslu, boðun verkfalls og önnur

formskilyrði. Þá sé framkvæmd sem þessi velþekkt, að vinnustöðvun sé látin ná til afmarkaðra verka. Félagsdómur hafi ítrekað staðfest að verkfallsboðandi hafi vald á því með hvaða hætti hann skipuleggur vinnustöðvun, engar takmarkanir sé á því að finna í lögum og því boðuð vinnustöðvun fullkomlega lögmæt. Þá skuli áréttað að útflutningsbönn sem þetta eigi sér langa sögu á Íslandi þó nokkuð sé umliðið að slík vinnustöðvun hafi verið boðuð.

Þá byggir stefndi og á því að með því að boða verkfall með þessum hætti sé þess jafnframt gætt að grípa til vægasta úrræðis sem unnt sé og með þessu móti gætt meðalhófs í boðun fyrirhugaðrar vinnustöðvunar enda um að ræða mikilvæga hagsmuni og íþyngjandi aðgerð. Fyrirhuguð verkfallsframkvæmd sé þannig að einungis verði lögð niður vinna við ákveðin störf, þ.e. vinna við útskipun áls, öll önnur verk flutningasveitar verði unnin sem endranær. Stefnanda sé það fulljóst enda þessu lýst í stefnu og því engin óvissa sé um framkvæmd þess. Ágreiningslaust sé að stefnanda sé frjálst að nýta sér starfskrafta þessara starfsmanna við önnur störf en þau sem verkfallið beinist að, á grundvelli stjórnunarheimilda sinna, en það breyti hins vegar engu um rétt stefnda til að boða vinnustöðvun á þennan tiltekna verkþátt í starfseminni á vinnustaðnum. Því hafi ítrekað verið lýst yfir af hálfu stefnanda að allsherjarverkfall myndi mögulega leiða til varanlegrar lokunar þess. Með aðgerðum sínum sem gangi mun skemur en allsherjarverkfall hafi stefndi tekið tillit til hagsmuna stefnanda í þessu efni en um leið nýtt sér lögbundinn rétt sinn til þess að knýja á um kjarasamning við stefnanda.

Stefndi kveður það að ákveða verkfall með þeim hætti sem hér um ræði fara í engu gegn lögum og brjóti ekki í bága við þá framkvæmd sem viðurkennd hafi verið af aðilum vinnumarkaðarins. Stefndi kemur ekki auga á nokkur málefnaleg né lögfræðileg rök fyrir slíkri niðurstöðu og sé því málatilbúnaði stefnanda í þessum efnum mótmælt sem röngum. Þá verði ekki heldur séð að nein málefnaleg rök standi til þess að koma í veg fyrir að verkfall sé boðað með svo afmörkuðum hætti. Stefndi telur hið minna felast í hinu meira, fyrst boða megi ótímabundið verkfall standi engin rök til þess að takmörkuð vinnustöðvun eins og hér um ræði, sem ekki sé jafn viðurhlutamikil, teljist ólögmæt.

Stefndi byggir á ákvæðum laga nr. 80/1938 og Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sérstaklega 74. og 75. gr. Einnig 11. gr. MSE sbr. lög nr. 62/1994. Kröfu um málskostnað styður stefndi við 130. gr. laga nr. 91/1991 sem og lög nr. 50/1988 hvað varði kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun en stefndi kveðst ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

Forsendur og niðurstaða:

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ekki er á það fallist með stefnanda að tillaga Verkalýðsfélagsins Hlífar að vinnustöðvun sé ekki nægjanlega afmörkuð. Ef lítið er til boðunar um vinnustöðvun og þess atkvæðaseðils sem lá til grundvallar ákvörðun félagsmanna stéttarfélagsins má sjá að vinnustöðvunin nær til vinnu við útskipun á framleiðsluvöru Rio Tinto Alcan á Íslandi. Þannig á vinnustöðvunin einungis að ná til þeirra félagsmanna Verkalýðsfélagsins Hlífar sem vinna við útskipun á vinnusvæði Rio Tinto Alcan á Íslandi. Fer því um ákvörðun hennar samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Það ákvæði heimilar vinnustöðvun ákveðins hóps félagsmanna stéttarfélags og eins félagsmanna á ákveðnum vinnustað. Ekki er á það fallist með stefnanda að tillaga að vinnustöðvun Verkalýðsfélagsins Hlífar eða boðun hennar sé í andstöðu við þetta ákvæði laganna. Þannig nær vinnustöðvunin til ákveðins hóps félagsmanna þess sem sinna útskipun á framleiðsluvörum Rio Tinto Alcan á Íslandi. Stefndi hefur lagt fram kjörskrá þá sem lögð var til grundvallar við atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun. Á kjörskrá voru 12 félagsmenn Verkalýðsfélagsins Hlífar. Af þeim greiddu 11 atkvæði. Fyrir liggur í málinu um hvaða starfsmenn er að ræða. Vinnustöðvunin, sem var samþykkt, tekur til þeirra starfsmanna sem eru á kjörskrá. Þá ber að geta þess hér að í kjarasamningi aðila er á nokkrum stöðum vikið sérstaklega að starfsmönnum flutningasveitar, sem eru því ekki bara skilgreindir sem hópur í starfsemi Rio Tinto Alcan, heldur líka í kjarasamningi aðila málsins. Fer því ekki milli mála að mati réttarins til hverra vinnustöðvunin nær. Þá er það álit dómsins að ákvörðun um vinnustöðvun þessa hafi að réttu verið tekin í samræmi við ákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Með hliðsjón af framangreindu og að virtum lögskýringargögnum þykir jafnframt upplýst að tillaga um verkfall eins og henni er lýst á framlögðum atkvæðaseðli og verkfallsboðun fullnægi kröfum 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 um skýrleika.

Með vísan til þessara sömu sjónarmiða er heldur ekki fallist á það með stefnanda að allir félagsmenn Verkalýðsfélagsins Hlífar hafi þurft að taka ákvörðun um þá vinnustöðvun er um ræðir. Skiptir þá engu máli hvort vinnustöðvunin muni hafa áhrif á vinnu annarra félagsmann stéttarfélagsins eða hvort hún muni hafa almenn áhrif á rekstur Rio Tinto Alcan á Íslandi. Ákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 heimilar slíkar staðbundnar vinnustöðvanir sem náð geta til tiltekins hóps félagsmanna eins og á við í þessu máli. Sú heimild inniheldur engar slíkar takmarkanir en ekki verður réttur stefnda til að gera verkfall skilyrtur eða takmarkaður umfram það sem greinir í lögum nr. 80/1938.

Þá er það álit dómsins að ekki sé vafi um það hvenær sú vinnustöðvun skuli koma til framkvæmda. Bæði í tillögu að vinnustöðvun og eins boðun kemur það skýrt fram að hún skuli koma til framkvæmda í byrjun dags kl. 00:00 þann 24. febrúar 2016.

Eins og málið er lagt fyrir dóminn verður því stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að þessu virtu og með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er það álit dómsins að stefnandi skuli greiða stefnda málskostnað eins og fram kemur í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands, f.h. Starfsgreinasambands Íslands, vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Samtaka atvinnulífsins, f.h. Rio Tinto Alcan á Íslandi.

Stefnandi greiði stefnda kr. 400.000 í málskostnað.

Sigurður G. Gíslason

Ásmundur Helgason Guðni Á. Haraldsson

Pétur Guðmundarson

Lára V. Júlíusdóttir

Rétt endurrit staðfestir,
Reykjavík, 23. febrúar 2016

